



Hjálpumst að heima og heiman!

Við sendum þér 3.500 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda



Hver fær gleðileg jól?

„Ef það væri ekki fyrir jólin væri veturinn bara dimmur og kaldur og ekkert annað,“ sagði einhver.

Jólaljósinn, góður matur, gjafmildi og kærleikurinn sem fylgir, hlýjar og vermir óháð vetrarkulda og myrkri. En geta allir fengið að upplifa slík jól? Því miður er raunin sú að allt of margir búa við efnislegan skort sem setur því skorður hvað hægt er að leyfa sér um jólin.

Hjálparstarfið hefur um árabíl staðið fyrir sérstakri aðstoð fyrir jólin, okkur er sérstaklega umhugað um börnin, að þau fái að upplifa góð jól.

„Það er enginn að tala um að gjafir og allt umstangið þurfi að kosta mikið til að jólin séu gleðileg, heldur að á jólum geti allir leyft sér aðeins meira og engin börn líði skort.“

Um síðustu jóla fékk 1.621 fjölskylda um land allt inneignarkort og fleira. Má reikna með að 4.860 fullorðnir og börn hafi þannig notið aðstoðar. Þegar rýnt er í gögn Hjálparstarfsins um aðstæður fólksins sem leitaði eftir aðstoð kemur í ljós að mikill meirihluti býr í leiguhúsnæði. Langstærsti hópurinn leigði íbúð á almennum markaði.

Nú sem fyrr blasir því við að húsnæðiskostnaður er meginástæða þess að fólk nær ekki endum saman. Aftur og aftur sjá félagsráðgjafar Hjálparstarfsins dæmi þess að þegar húsaleiga hefur verið greidd stendur aðeins lítil hluti greiddra launa eftir. Þetta er þó ekkert nýtt. Svo langt sem horft er aftur koma sömu ástæður í ljós fyrir bágrri stöðu fólks. Því er fólk sífellt að glíma við sömu draugana sem er ekki síst ógnarhár húsnæðiskostnaður.

Mikilvægt er að allar fjölskyldur, öll börn, fái að upplifa góðar stundir ekki síst á jólum og eignist góðar minningar sem lifa með þeim alla ævi. Þá er mikilvægt að foreldrar sem búa við bág kjör fái stuðning svo að efnislegur skortur komi ekki í veg fyrir að hægt sé að gera sér glaðan dag um jólin. Það er enginn að tala um að gjafir og allt umstangið þurfi að kosta mikið til að jólin séu gleðileg, heldur að á jólum geti allir leyft sér aðeins meira og engin börn líði skort.

Það ber að þakka öllum þeim sem hafa stutt Hjálparstarfið í aðdraganda jóla; sveitarfélög, ríki, samtök, stéttarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Þessi frábæri stuðningur hefur gert okkur kleift í samstarfi við fjölda aðila um allt land að halda úti aðstoð sem gefur fjölskyldum tækifæri til að halda gleðileg jóla.

Mættum við öll fá gleðileg og friðsæl jóla.

Bjarni Gíslason

Aðstoð við efnalitlar fjölskyldur fyrir jólin

Í desember aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 20. desember.

Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og gjafir fyrir börnin.

Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, þann 27. nóvember og 28. nóvember kl. 11.00-14.00.

Umsækjendur eru beðnir um að mæta með gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Umsóknarfrestur fyrir umsókn á heimasíðu Hjálparstarfsins er 10. desember næstkomandi.

Hjálparstarf kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.

Assistance for low-income families in December

Icelandic Church Aid assists low-income families before Christmas.

Support is provided with debit cards in grocery stores issued at the latest on December 20th.

Second-hand festive clothes and presents for children are also provided.

Families with children, living in Reykjavík, may apply at the Icelandic Church Aid Office at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application days are on November 27th and November 28th between 11.00 and 14.00.

Please remember to bring income and expenses documents (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

Deadline for on-line application is December 10th.

Icelandic Church Aid, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Phone: 528 4400





Leitað til Hjálparstarfsins í yfir 15.000 skipti á áratug

Nú nálgast jólin óðfluga en aldrei er þörfin fyrir neyðaraðstoð Hjálparstarfsins eins mikil og einmitt í aðdraganda hátíðanna. Undanfarinn áratug hafa barnafjölskyldur leitað til Hjálparstarfsins á aðventunni í rúmlega fimmtán þúsund skipti.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt á Íslandi efnislegan stuðning og félagslega ráðgjöf allt árið. Neyðaraðstoð felst fyrst og fremst í að aðstoða fólk til matarinnkaupa en einnig er veitt annars konar aðstoð.

Aldrei er þörfin eins áberandi og um jólin en starfsmenn Hjálparstarfsins eru þegar byrjaðir að undirbúa úthlutun í aðdraganda hátíðanna, sem er annasamasti tími ársins. Gera má ráð fyrir að fólk sem til Hjálparstarfsins verði síst færri en undanfarin ár. Margir eru í mjög erfiðri stöðu og því ekkert sem bendir til annars en að stór hópur leiti stuðnings fyrir komandi jól eins og undanfarin ár.

Þetta sést vel þegar lagst er yfir tölfræðina í bókum Hjálparstarfsins síðastliðin tíu ár. Þar kemur í ljós að í desember hafa barnafjölskyldur leitað til Hjálparstarfsins og fengið aðstoð í 15.544 skipti frá og meðtalið árinu 2015. Þessi tíu ár sýna jafnframt eindregna þróun en fyrir fimm árin voru þau sem til Hjálparstarfsins leituðu á milli tólf og fimmtán hundruð en seinni fimm árin töluvert fleiri eða sextán til átján hundruð.

Eins má taka fram að tölfræðin tekur aðeins til fjölda þeirra fjölskyldna sem til Hjálparstarfsins leita. Því er ljóst að jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar nær til þúsunda ár hvert og hefur náð til tugþúsunda þegar horft er þessi tíu ár aftur.

Börnin ganga fyrir

Sú regla er viðhöfð hjá Hjálparstarfinu við útdeilingu aðstoðar á aðventunni að barnafjölskyldur ganga fyrir við úthlutun. Því stendur stór barnahópur að baki þeim umsóknum sem Hjálparstarfinu berast á aðventunni. Það er reynsla félagsráðgjafa Hjálparstarfsins að hið minnsta séu þrjú börn að meðaltali að baki hverri fjölskyldu sem fær aðstoð. Kemur það til vegna þess að allstór hluti þeirra fjölskyldna sem fá aðstoð eru af erlendum uppruna og margar þeirra barnmargar. Má hikaust gera ráð fyrir að um fimm þúsund manns, börn og fjölskyldur þeirra, hafi notið aðstoðar Hjálparstarfsins fyrir jólin undanfarin ár.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastýra innlendra verkefna hjá Hjálparstarfinu, metur stöðuna svo að ekkert bendi í raun til annars en enn þrengi að þeim hópi sem var fyrir í viðkvæmri stöðu.



Hún sagði fyrir jólin í fyrra ekki beint sjá fjölgun í þeim hópi sem leitar til Hjálparstarfsins, heldur að þau sem koma til að leita sér aðstoðar séu í miklu meiri vanda en áður. Vandí þeirra fjölskyldna sem hafa átt undir högg að sækja vex.

En vandí þeirra sem býr við fátækt er oft á tíðum djúpstæður og tengist áföllum fyrr á ævinni. Þetta einkennir stóran hóp fólks, alls ekki alla, sem kemur til Hjálparstarfsins. Það þarf því margt að breytast til að koma í veg fyrir fátækt, einmannaleika og félagslega einangrun.

„Einmannaleikinn er hræðilegur fylgifiskur fátæktar. Síðan myndast vítahringur sem börn sem búa við fátækt ná aldrei að rjúfa. Við erum að sjá þriðju og fjórðu kynslóð barna, einstaklinga, sem eru föst í fátæktargildru með öllu sem því fylgir. Þá erum við að tala um skólágöngu, styttri lífslíkur og fleira. Þetta eru ekki bara krónur og aurar heldur tekur fátæktin yfir öll lífsgæði fjölskyldna. Þetta sjáum við ítrekað í okkar daglegu störfum,“ sagði Vilborg og orð hennar eiga vel við nú sem fyrr.

Gjafir í þúsunda vís

Eitt af mikilvægustu verkefnum Hjálparstarfsins ár hvert er að miðla fallegum jólagjöfum til barna sem búa við fátækt, en þessi aðstoð kemur til viðbótar við þá aðstoð sem

rædd er hér að ofan. Þessi jólin, eins og öll fyrri jól, skipta gjafirnar þúsundum sem starfsmenn og sjálfböðaliðar taka á móti og miðla áfram til stórs hóps barna.

Gjafirnar tryggja að undir jólatré í stofu fjölmargra fjölskyldna verður glaðningur sem ekki hefði verið þar að finna að öðrum kosti. Ef nákvæmni er gætt þá voru þær um þrjú þúsund talsins sem voru opnaðar á aðfangadag í fyrra af um 700 börnum sem búa við fátækt. Forráðamenn barnanna geta valið um tvær til fjórar gjafir fyrir hvert barn; leikfang, bók, spil eða hlyjan fatnað. Því til viðbótar geta margir valið smærri gjafir sem henta vel til þess að setja í skóinn í aðdraganda jóla, þó þær séu ekki taldar með hér.

Má nefna að styrktarsamfélag Hjálparstarfsins er víðfemt og gjafavara berst til stofnunarinnar jafnt og þétt yfir árið, þó flestar gjafirnar berist Hjálparstarfinu á aðventunni. Stór hluti þessara gjafa berast frá almenningi sem skilur þær eftir undir jólatrjánun í verslunarmiðstöðvunum Krínglunni og Smáralind. Þær berast auk þess frá einstaklingum, hópum sem koma saman í félagsstarfi hvers konar, fyrirtækjum og mörgum fleirum. Vinna við undirbúning jólagjafaúthlutunar hefst því mörgum vikum fyrir jól og að því starfi kemur hópur sjálfböðaliða í samstarfi við starfsfólk Hjálparstarfsins.



Alls voru konurnar sem taka þátt í verkefninu 29 sem heimsóttu Höllu að Bessastöðum en með þeim í för voru sex konur sem eru leiðbeinendur þeirra í valdeflingarverkefninu.

„Frú forseti, þakka þér fyrir Ísland og íslensku þjóðina...“

Þrjátíu og fimm konur gengu til fundar við Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, á dögunum. Þær eru allar þátttakendur í valdeflingarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.

„Frú forseti, þakka þér fyrir Ísland og íslensku þjóðina sem gefur okkur tækifæri til að vaxa sem einstaklingar og öðlast meiri lífsgæði, og til að öðlast nýtt líf.“

Svo hljóma lokaorð stuttrar þakkarræðu sem Ayat, ung kona frá Venesúela, en á ættir að rekja til Sýrlands, flutti til Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, á Bessastöðum fyrir skemmstu. Tilefnið var heimboð forseta sem tók á móti þátttakendum í valdeflingarverkefninu Saumó - tau með tilgang sem Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn standa fyrir.

Í hópnum voru meðal annars konur frá Venesúela, Afganistan, Kúrdistan, Íran og Nígeríu en Saumó er félagsskapur kvenna úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda sem dvelja á Íslandi. Þær hittast þrisvar í viku, stunda saman hannyrðir og selja afurðirnar. Samhliða njóta þær félagskapar, læra íslensku og fræðast um íslenskt samfélag. Tilgangur verkefnisins er að vinna gegn félagslegri einangrun og greiða þátttakendum leið út á vinnumarkaðinn.

Þess má geta að þetta var í annað sinn sem Saumó-konur heimsækja forseta Íslands að Bessastöðum en Guðni Th. Jóhannesson, þáverandi forseti Íslands, tók á móti stórum hópi kvenna árið 2022. Þá og nú nutu konurnar heimsóknarinnar mjög, spjölluðu við forsetann, dreyptu á kaffi og te og þáðu bakkelsi.

Verkefnið á upphaf sitt að rekja til ársins 2017 og er fyrir konur sem eru útsettar fyrir félagslegri einangrun. Konurnar endurvinnna efni sem almenningur hefur gefið og læra að sauma úr því margvíslega nytjahluti. Einnig hafa þær gert skartgrip og heklað.

Verkefnið stuðlar að aukinni virkni kvennanna og mikilvægum félagsskap um leið. Heimsókn sem þessi er liður í því starfi en verkefnið er unnið í samvinnu við Hjálpræðisherinn og hittist hópurinn í húsnæði hans hverja viku á mánudögum og fimmtudögum, og lærir íslensku á þriðjudögum. Á síðasta starfsári Hjálparstarfsins mættu að meðaltali 25 konur og börn þeirra í hvert skipti.



Ayat flytur þakarræðu sína á Bessastöðum. Halla Tómasdóttir og verkefnisstýra Saumó, Hildur Loftsdóttir, hlýða á mál hennar.

Bréfið hennar Ayat

Frú forseti, Halla Tómasdóttir

Það er okkur öllum mikill heiður að fá að heimsækja þig. Við þökkum þér fyrir að taka á móti okkur.

Fyrst af öllu vil ég þakka þér fyrir að leyfa mér að flytja þessi auðmjúku orð fyrir hönd okkar allra, flóttakvenna af mismunandi þjóðernum.

Við erum í handavinnuklúbbnum Saumó – tau með tilgang þar sem við saumum, heklum og þrjónum. Við fáum einnig íslenskukennslu, vorferð út á land og heimsóknir á söfn, allt til að kynnst betur okkar nýja landi og þjóð.

Þetta er frábær klúbbur þar sem fáum tækifæri til að umgangast konur frá ólíkum menningarheimum og þar með talið íslenskar konur.

Milli kaffiílsins og saumavélahljóðanna finnum við athvarf. Okkur líður vel, lærum nýja hluti, fáum að skapa og slökum á.

Í Saumó mætum við allaf gleði og jákvæðu hugarfari. Þar fáum við stuðning, þekkingu og verkfæri til að móta betri framtíð.

Frú forseti, þakka þér fyrir Ísland og íslensku þjóðina sem gefur okkur tækifæri til að vaxa sem einstaklingar og öðlast meiri lífsgæði, og til að öðlast nýtt líf.

Takk fyrir.



Eins og merkja má af svipbrigðum Höllu forseta þá eru sögur þessara kvenna margar átakanlegar.



Þessar ungu konur frá Kúrdistan heita Darwn og Sairan.



Ameneh frá Íran og Vero frá Nígíeríu fá sér kaffisopa og bakkelsi.

Hjá fjölmörgum börnum
í sveitum Malaví gengur vinna
fyrir skóla enda lífsbaráttan hörð.





Vekur vonir og væntingar um bjartari tíma

Konurnar mættar til fundar um næstu skref í verkefninu. Eiginmenn þeirra og aðrir karlar hafa ekki rétt til þátttöku en af myndinni má ráða að þeir eru áhugasamir um vinnuna.

Sparnaðar- og lánaþópar kvenna er einn verkþáttur stærsta verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu. Hópvinnan hefur gengið afar vel og fjölmargar konur fengið verkfæri í hendur til að byggja sér betri framtíð.

Verkefnið er unnið með sárafátækum sjálfspurftarbændum í Sómalífylki Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með skilvirkum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Í sparnaðar- og lánaþópum innan verkefnisins fá konur fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hefja margar kvennanna að reka litla búð, stunda sauð- og geitfjárhald hæsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem taka þátt í verkefninu hafa talað um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt frelsi á verkefnasvæðunum áður.

Allt frá því að stofnað var til þessara hópa hefur starfsfólk Hjálparstarfsins fengið það ítrekað staðfest að starfið gefur afar góða raun. Jafnvel langt umfram það sem væntingar stóðu til í upphafi, má segja. Þetta fékkst staðfest í vettvangsferð Hjálparstarfsins til Eþíópíu í mars 2025. Þá hitti Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins, hóp kvenna sem eru þátttakendur í sparnaðar- og lánaþópi í Gobyar, bæjarfélagi í Awbarre, nýju verkefnasvæði Hjálparstarfsins sem hófst í janúar 2025. Konurnar eru á öllum aldri og félagsleg staða þeirra ólík en upplifun þeirra af þátttöku í verkefninu var jákvæð.



Hinda Nour Akte hefur í hyggju að opna kaffihús og eiginmaður hennar styður hana hundrað prósent.

Hyggst opna kaffihús

Ein þeirra, Hinda Nour Akte, er níu barna móðir. Eiginmaður hennar er bílstjóri að atvinnu og börnin á aldrinum nítján til fjögurra ára, fimm stúlkur og fjórir drengir.

Aðspurð hvernig það hefði atvikast að hún ákvað að taka þátt segist hún hafa sótt fræðslufund verkefnisstjórans. Hann hafi frætt stóran hóp kvenna um tilgang og markmið sparnaðar- og lánaþópanna.

„Okkur leist strax mjög vel á og fannst mér þetta mjög spennandi. Ég var valin til að vera í einum hópnum, en það eru fimmtán konur í hverjum hóp og innan hans var ég síðan valin til að bera þá ábyrgð að vera gjaldkeri. Við erum nýbyrjaðar. Bara búnar að safna í eina viku en erum strax komnar með 7.500 birr í kassann (um 7.500 íslenskar krónur),“ segir Hinda og bendir á viðarkassa með lás sem hún ber ábyrgð á.

Hinda segir jafnframt að þegar sá tími kemur að hún á rétt til þess að taka framkvæmdalán úr söfnunarsjóðnum þá hyggist hún opna kaffihús.

„Það er engin hætt á að eiginmaður minn taki af mér peninginn. Hann styður hugmynd mína og hjálpar mér að spara. Ég vil svo taka fram að starfsfólk verkefnisins kemur mjög vel fram við okkur og ég er handviss um að við munum allar ná árangri,“ segir Hinda.

Stórhuga kona

Sessunautur Hindu er hún Ayaan Omar. Hún á fjögur börn, þrjár stúlkur og dreng en eiginmaður hennar hefur að atvinnu af því flytja fólk og vörur á vagni í þeirra eigu. Eins og Hinda frétti hún af verkefninu og mætti á fræðslufund verkefnisstjórans.

„Við fengum líka fræðslu um að verkefnið mun þjálfa bændur í nýjum og betri aðferðum í ræktun til að fá betri afkomu. Abdu sem kynnti verkefnið fyrir okkur náði vel til okkar og vill okkur vel. Ég vil vera með af því að ég hef engar tekjur og vil gjarnan komast upp úr þessu spori og maðurinn minn vill hjálpa mér að spara. Mig langar að opna búð meðal annars sem selur grænmeti sem ég rækta sjálf,“ segir Ayaan og bætir við að ef hún fengi að ráða og hefði nóg fjármagn þá yrði ráðist í stórhuga verkefni í sveitinni.

„Ég myndi kaupa fullt af traktorum og gefa fólkinu svo allir gætu plægt akrana sína með traktorum og þannig fengið betri uppskeru.“

Ayaan Mohamed Arab, fráskilin ung kona með eitt tveggja ára barn, tekur undir með Ayaan og bætir við.

„Eftir að hafa hlustað á fræðsluna, fékk ég mikinn áhuga á að taka þátt í verkefninu. Það er greinilega mjög vel að öllu staðið og starfsfólkið mjög áhugasamt og ég var glöð að fá að vera með. Innan hópsins var ég valin til að vera gjaldkeri,“ segir hún stolt. „Ég hef enga innkomu, fæ stuðning frá fjölskyldunni en vil verða sjálfstæð og kannski giftast aftur og eignast eiginmann og fleiri börn,“ segir hún og bætir við:

„Með stuðningi fjölskyldunnar er ég harðákveðin að safna eins og aðrir í hópnum og svo þegar kemur að mér að fá lán, langar mig að opna kaffihús, tryggja góðar tekjur sem duga til að borga lánið og síðan nota hagnaðinn í að stækka viðskiptin, kannski opna líka búð eða veita aðra þjónustu. Við í hópnum ætlum að veita hver annarri stuðning og tryggja að allt gangi vel.“

Göt sem þarf að fylla

Umalkhyr Husien, er fráskilin og án barna. Henni segist svo frá að strax hafi verkefnið vakið áhuga hennar og telur sig heppna að fá að taka þátt því það sé svo margvíslegt spennandi að gerast eftir að konurnar hófu vinnuna í hópnum.

„Ég er mjög bjartsýn á að þetta muni ganga mjög vel vegna þess að þetta getur breytt lífi okkar til frambúðar, skapað gegnumbrot í lífi okkar. Við munum fá tekjur sem við ráðum sjálfar yfir, þetta er algjörlega nýtt og breytir miklu,“ segir Umalkhyr. „Það eru alls konar verslanir og þjónusta sem vantar hér á svæðinu. Við getum bætt í þau göt. Ég er ekki alveg búinn að ákveða hvaða starfsemi ég ætla að setja á laggirnar en við viljum allar að nýir hópar verði



Ayaan Omar er stórhuga. Hún sér tækifæri í því að opna verslun og selja þar grænmeti sem hún ræktar sjálf.

myndaðir svo fleiri konur fái tækifæri. Þess vegna spörum við samviskulega og greiðum lánin til baka svo fleiri konur geti hafið starfsemi. Þegar við erum búnar að greiða til baka styðjum við nýja hópa og hvetjum aðrar konur til að taka þátt," segir Umalkhyr geislandi af jákvæðni.

Mun breyta lífi okkar

Hodon Smail Hassan, sem er ógift og barnlaus, ákvað að taka þátt vegna þess hvernig verkefnið var kynnt fyrir þeim. „Þeir voru ekki ekki bara að tala við okkur, heldur spurðu um okkar skoðanir og hlustuðu á það sem við höfðum fram að færa. Sýndu okkur virðingu," segir Hodon sem eins og Umalkhyr hefur ekki gert upp við sig hvaða starfsemi hún ætlar að byggja upp.

„Ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að gera, við erum rétt að byrja að spara. En ég er sannfærð um að sú starfsemi sem ég byrja með mun ganga vel og gefa mér tekjur til að breyta lífi mínu til hins betra," segir Hodon full sjálfstrausts. „Við vitum allar hver ábyrgð okkar er. Ég mun kynna þetta fyrir fleiri konum og það er okkar ábyrgð að þetta gangi upp; að greiða lánin til baka svo að fleiri konur fái tækifæri. Ef við stöndum okkur verða fleiri hópar myndaðir. Við erum mjög þakklátar fyrir þetta tækifæri og munum láta þetta ganga," segir Hodon.



Hodon Smail Hassan er sannfærð um að sparnaðar- og lánaþóparnir muni breyta sínu lífi og fjölmargra annarra sveitunga hennar. Hér er hún á spjalli við Bjarna Gíslason, framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins, og Ahmed Nur sem er starfsmaður verkefnisins.

Stríðsbröltið tefur hjálparstarfið í Súdan



Eins og alltaf eru það börnin sem þjáast hvað mest og það á svo sannarlega við í Súdan. Illvirki gegn þeim eru staðreynd en lítið fæst að gert. Myndir/NCA

Borgarastríðið í Súdan hefur nú geysað í vel á þriðja ár. Margir tala um „gleymda stríðið“ en staða almennra borgara í Súdan er skelfileg og hungursneyð milljóna staðreynd.

Hörró átök milli súdanska stjórnarhersins (SAF) og sveita uppreisnarhersins Rapid Support Forces (RSF) hafa nú varað í Súdan í á þriðja ár. Átökin eiga rætur sínar að rekja til valdabaráttu tveggja hershöfðingja sem stóðu sameiginlega að valdaráni í landinu árið 2019 þegar fyrrverandi forseta landsins var steypt af stóli en hann hafði þá setið í embætti í tæpa þrjá áratugi. Herstjórn hershöfðingjanna tveggja tók við en spennan þeirra á milli hafði farið stigvaxandi þar sem þeir deildu um innleiðingu nýs stjórnarfars í landinu og aðlögun RSF sveitanna að stjórnarhernum.

Frá því átökin hófust í apríl 2023 hafa tugir þúsunda fallið eða særst. Enginn treystir sér til að meta fórnirnar með nokkurri nákvæmni en líklega hafa allt að 150.000 almennir borgarar verið drepnir. Nú þegar átökin hafa staðið svo lengi sem raun ber vitni er sú staða komin upp að hungursneyð hefur geysað í landinu um langt skeið og versnar dag hvern. Talið er að 25 milljónir Súdana búi við alvarlegan næringarskort og fjölmargir deyja hungurdauða dag hvern. Þess utan hafa að

talið er nú milljónir íbúa landsins neyðst til að yfirgefa heimkynni sín og eru á vergangi innan Súdan en 3,5 milljón manns til viðbótar hafa flúið heimaland sitt; til Mið-Afríkúlýðveldisins, Chad, Egyptalands, Suður-Súdan og Eþíópíu. Allt þetta fólk er í brýnni þörf fyrir aðstoð hvort sem það hefst við innanlands eða í yfirfullum flóttamannabúðum í nágrannaríkjum.

Til að bæta gráu ofan á svart þá hafa síðustu mánuði ársins 2025 borist fréttir af hroðalegum grimmdarverkum og niðingsskap stríðandi fylkinga. Í frétt RÚV segir að „Nauðganir í hernaði þessara sveita hefur orðið einkenni þeirra. Konum á öllum aldri, ungum stúlkum og, í mörgum tilfellum, kornabörnum, er skipulega nauðgað á hrottafenginn hátt í þeim þorpum og bæjum sem hermenn hafa sölsað undir sig síðustu misseri. Mannúðarsamtök lýsa því í skýrslum sínum, að sjá megi RSF-hermenn fremja fjöldamorð á almennum borgurum í Darfúr í myndskeiðum sem deilt er á samfélagsmiðlum. Samtök eins og Mannréttindavaktin hafa staðfest að þetta eigi sér reglulega stað, til dæmis í héraðshöfuðborginni el-Fasher.“



Þar sem hjálparstarf er mögulegt hefur fólk fengið reiðufé fyrir nauðpurftum og því útvegað vatn og hreinlætisaðstaða.

Hjálparstarf kirkjunnar í Noregi, NCA, biðlaði í lok ágúst 2024 til systurstofnana í Alþjóðlegu Hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance um fjárframlag til þess að geta sett aukinn kraft í mannúðaraðstoð í Súdan en helmingur þjóðarinnar, þá um 25 milljónir íbúa, bjó við skelfilegar aðstæður.

Frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 áætlaði NCA að vinna með Caritas Internationalis og innlendum hjálparsamtökum í Súdan að því að veita mannúðaraðstoð til tæplega 100.000 einstaklinga, jafnt fólks á flóttu undan stríðandi fylkingum sem íbúa í samfélögum sem taka á móti flóttafólkinu. Tímarammi verkefnisins hefur hins vegar breyst. Hjálparstarf hefur víða gengið erfiðlega eða verið útilokað vegna ófriðarins og mun því teygja sig yfir á nýtt ár.

Þar sem hjálparstarf hefur verið mögulegt hingað til hefur fólk fengið reiðufé fyrir nauðpurftum og því útvegað vatn og hreinlætisaðstaða. Þá er sérstaklega hugað að því að konur og stúlkur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi og sálrænn stuðningur veittur börnum og fullorðnum.

NCA bað systurstofnanir í ACT Alliance um 2,2 milljónir evra til að veita aðstoðina. Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi lagði til 104.000 evrur (16 milljónir íslenskra króna) til mannúðaraðstoðarinnar eða um 5% af umbeðinni fjárhæð. Fimmtán milljónir komu frá utanríkisráðuneytinu vegna verkefnisins en Hjálparstarfið lagði til um eina milljón króna af söfnunarfé.



Ungur drengur á heimleið eftir að hafa tryggt sér og fjölskyldu sinni nauðsynjar.

Þökkum stuðninginn!

Reykjavík

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Aðalhreinsir-Drifa ehf
Analytica ehf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Atlantsflug ehf
Augnlæknar Reykjavíkur ehf
ÁM-ferðir ehf
B.B.bílaréttingar ehf
Bako Verslunartækni
Bananar ehf
Bastard Brew & Food - bastard.is
Betra líf ehf
BGI málarar ehf
Bílahöllin-Bílayðvörn hf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bjössí 16 ehf, Jarðverktaki
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómagallerí ehf
Bor ehf
Bókhaldsþjónustan Örninn ehf
Brunahönnun slf
Brúnás innréttingar
BSI bifreiðaverkstæði ehf
BSRB - bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
CrossFit Reykjavík
CU2 ehf - cu2.is
Daddi's Pizza
Dalfoss ehf
Danfoss hf
Danska kráin
Dental-I ehf
Dubliners.is
Dýragarðurinn ehf
Dýraspítalinn Viðidal ehf
Eðalklæði ehf
EEV Framkvæmd og ráðgjöf ehf
Efling stéttarfélag
Eignaumsjón hf
Eldhús sælkerans ehf
Fanntófell ehf
Ferðafélag Íslands
Félag íslenskra hjúkrunarfaræðinga
Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna
Fjaðrabúðin Partur ehf
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fjölvir ehf, olíurannsóknir

Gastec ehf
Gatnaþjónustan ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónviðgerðir ehf
Ginger ehf
Gólfefnavef ehf
Grænn markaður ehf
Gúmmívinnumstofan SP dekk ehf
Gæðabakstur og Ömmubakstur
H.Jónsson ehf, rétting og sprautun
Hampiðjan hf
Henson sports
Hið íslenska bókmenntafélag
Hjá Ingvarsson ehf
Hljóðbók slf
Hljóðfærahusið ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hreinsitækni ehf
Húsaklæðning ehf - husco.is
Höfðakaffi ehf
Icepack ehf
Island Apartments
Ísbúðin Fákafeni ehf
ÍSKÓ ehf
Íslenski barinn ehf
Ís-spor ehf
Íþróttasamband fatlaðra
JHM - sport.is
Jón Auðunn Kristinnsson pípulagningameistari
JYSK
Kemi ehf - kemi.is
Kjaran ehf
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjöthöllin ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kólus ehf
Krumma ehf
KTM og Husqvarnumboðið á Íslandi
LAG Lögmenn
Landssamband lögreglumanna
Litróf ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmannafélag Íslands
Lögskil ehf
Málarasmiðjan ehf
MS Armann skipamiðlun ehf
Nasdaq Iceland
Nínukot ehf
Nordic Office of Architecture ehf
Nýja bílahöllin ehf
Nýja sendibílastöðin hf
Oliudreifing ehf

Ormsson
Ottó B. Arnar ehf
Ó. Johnson & Kaaber - ÍSAM ehf
Ólafur Garðarsson hrl
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Pfafl hf
Pingpong.is
Pípulagningaþjónusta Reykjavíkur ehf
Pökkun og flutningar ehf
Raflax ehf
Rafmennt ehf
Rafstjórn ehf
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Remax Senter
Reyktaþjónusta ehf
Reykviskir lögmenn slf
Rima Apótek
Rýni endurskoðun ehf
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Saumsprettan ehf
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sigurraf ehf
Síma- og tölvulagnir ehf
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skipulag og stjórnum ehf
Skorri ehf
Smur- og viðgerðarþjónustan ehf
Snyrtistofa Grafarvogs ehf
Sólbaðsstofan Smart ehf
Spektra ehf
Strætó bs
Sumargarðar ehf
Systrasamlagið ehf
Tannlæknafélag Íslands
Tannval Kristínar Gígju
Tark - Arkitektar
TCM Innheimta ehf
Teikna - teiknistofa arkitekta ehf
Tensio ehf
Tékkland bifreiðaskoðun ehf
THG arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Trackwell hf
Trésmiðja Pálma ehf / Pálmi Ingólfsson
Trétraust ehf
Trévirkir ehf
Tölvu- og verkfræðiþjónustan
Tösku- og hanskabúðin ehf
Uppgjör ehf
Úti og inni sf
Útkall ehf



Vatnaskil ehf
VDO ehf
Veitingahúsið Caruso
Verkhönnun ehf
Verslun Guðsteins
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vörn, öryggisfyrirtæki
Vörukaup ehf
Þór hf
Örninn - hjól

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf
Allraverk ehf
Allt-af ehf
Arkís arkitektar ehf
Arnardalur sf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Birthingaholt ehf
Bílahleðslan ehf
Bílamarkaðurinn
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bliki bílamálun og réttingar ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Brunabótafélag Íslands
Clinica tannlæknastofa
Deloitte hf
Domusnova fasteignasala
Dressmann á Íslandi ehf
Einar Ágústsson & Co ehf
EL-X rafverktakar ehf
Fagtækni hf
Fasteignamiðstöðin ehf
Fuglar ehf
GG Sport
goddi.is
GR Verk ehf
Hafið-fiskverslun ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hitatækni ehf
Hreinir Garðar ehf
Hvammshólar ehf
Hvísl ehf
Iðnaðarlausnir ehf
Ingi hópferðir ehf
Íshúsið ehf
Íslenskt sjávarfang ehf
Lakkskemman ehf
Lín design
Loft og raftæki ehf
Lokasjóður ehf

Mannrækt og menntun ehf, s: 899 7999
MHG verslun ehf
Nobex ehf
NTV - Promennt ehf
Rafefling ehf
Rafmiðlun hf
Rafvirkni ehf
RAMIS ehf
Rubix Ísland ehf
Ræsting BT ehf
Segull ehf
Sport-Tæki ehf
Sýni ehf
Tannlæknastofa Tinnu Kristínar Snæland
Teledyne Gavia ehf
Útfararstofa Íslands ehf
Verkfræðistofa Bjarna Viðar ehf
Vetrarsól ehf, verslun
Zenus gluggatjöld

Garðabær

AH Pípulagnir ehf
Dráttarbílar vélaleiga ehf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Friðrik A Jónsson ehf
Garðabær
Geislátækni ehf - Laser þjónustan
Hagráð ehf
Hásandur ehf
Hjallastefnan ehf
Icwear
Kerfóðrun ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Marás vélar ehf
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
Scanmar á Íslandi ehf
Stíflupjónustan ehf
Val - Ás ehf

Hafnarfjörður

Aflhlutir ehf
Ás, fasteignasala ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Bílaverk ehf bílamálun og réttingar
Bortækni ehf
Byggingafélagið Sandfell ehf
Colas Ísland
CrankWheel ehf
Donna ehf
Dverghamrar ehf
Elmax ehf
EÓ-Tréverk sf
Fjarðarkaup ehf

Fjarðarmót ehf
G.S. múrverk ehf
Gallerí Útlit ehf
Grindavíkurferðir ehf
Gröfupjónusta Grafa og grjót ehf
GÞG ráðgjöf slf-Íslenskir endurskoðendur
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Hagsuða ehf
Hagtak hf
Hamraborg ehf
H-Berg ehf
Holtanesti
Hvalur hf
Krossborg ehf
Lindaberg ehf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Netorka hf
Nonni Gull
Rafeining ehf
Reikningar og ráðgjöf ehf
S.G múrverk ehf
Smíðaverk ehf
Stál og suða ehf
Strendingur ehf
Torcargó
Úthafsskip ehf
Útvík hf
Verktækni
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Þúsund Fjalir ehf

Álftanes

Brynjólfrur Sigurðsson ehf
Verslunarfélagið Emerald ehf

Reykjanesbær

Benni pípari ehf
Bergraf ehf
Bílasprautun Magga Jóns ehf
DMM Lausnir ehf
Dýralæknastofa Suðurnesja
Efnalaugin Vík ehf
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
Félaginn ehf
Georg V. Hannah sf
geoSilica Iceland ehf
Happy Campers ehf
Hápipán ehf
Húsagerðin hf, vottaðir gluggar
Kalka sorpeyðingarstöð sf
Kast.is
lyfta.is



MG flísalagnir ehf
OSN lagnir ehf
Rafeindir og Tæki ehf
Rétt sprautun ehf
Rétturinn ehf
S.Á. verkstæði ehf
Skólámatun ehf
Skólar ehf
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
Útfarapjónusta Suðurnesja

Grindavík

Einhamar Seafood ehf
Grindavíkurbær
H.H. Smíði ehf
Northern Light Inn
Stakkavík ehf

Suðurnesjabær

Aukin Ökuréttindi ehf
SI raflagnir ehf
Vélsmíða Sandgerðis ehf

Mosfellsbær

Aftak ehf
Aristó hárstofa ehf
Álguggar JG ehf
Byggingafélagið Bakki ehf
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Draumagolf ehf
Dynkur ehf
Flotlagnir ehf
Malbikstöðin ehf
MIG Verk ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Rafis ehf
Verkstæðið ehf
Vélsmíðjan Sveinn ehf
VGH-Mosfellsbæ ehf

Akranes

Apótek Vesturlands ehf
Garðar Jónsson málameistari
Meitill - GT Tækni ehf
Tannlæknastofan 2Gómar ehf
Trésmíðjan Akur ehf
Valfell fasteignasala
Vogir ehf

Borgarnes

Akurholt ehf - Veiðihúsið við Haffjarðará
Bæjarkirkja
Solo hársnyrtistofa sf

Stykkishólmur

Bassi, ferðapjónusta slf
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi

Grundarfjörður

Kirkjufell Hotel
Rútuferðir ehf
Þjónustustofan ehf

Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf

Snæfellsbær

Hótel Búðir

Hellissandur

Breiðavík ehf
Félags- og skólapjónusta Snæfellinga
Guðbjartur SH-45
KG Fiskverkun ehf
Sjávariðjan Rifi hf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

Búðardalur

Rjómabúið Erpsstaðir ehf

Reykholahreppur

Reykholahreppur

Ísafjörður

Ferðapjónustan í Heydal
Hamraborg ehf
Ísblikk ehf
Málningarbúðin Ísafirði ehf
Orkubú Vestfjarða ohf

Hnífsdalur

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Rafverk Alberts Guðmundssonar ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

Suðureyri

Fisherman

Patreksfjörður

Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Eyfaraf ehf
Hotel West - hotelwest.is

Bíldudalur

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Lás ehf

Staður

SG verkstæði ehf

Drangsnes

Hveravík ehf
Hvammstangi
Kvenfélagið lója

Blönduós

Ísgel ehf
Kvenfélag Svínvatnshrepps
Sörlatunga ehf

Sauðárkrókur


Bókhaldspjónusta KOM ehf
Dögun ehf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Steinnur hf
Þreksport ehf

Hofsós

Garðar rafvirki
Íslenska fánasamastofan ehf

Akureyri

Akureyrarapótek ehf
Almenna lögbjónustan ehf
Arte rakarastofa
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bílaleiga Akureyrar
Blikkrás ehf
Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Eining-lója
Eyjafjarðarsveit
Finnur ehf
Fjölumboð ehf
Grófargil ehf
Húsheild Hyrna ehf
Index tannsmíðaverkstæði ehf
Kollgáta Arkitektúr - kollgata.is
Matur og mörk hf
Nesbræður ehf
Rafeyri ehf



Rafmenn ehf
Rakarastofa Akureyrar ehf
Sportver ehf, Glerártorgi
uvavino.is
Veitingastaðurinn Krua Siam

Dalvík

Bruggsmiðjan Kaldi ehf
EB ehf
Flæðipípulagnir ehf
Tannlæknastofan Dalvík
Vélvirki ehf, verkstæði
Whales Hauganes ehf

Ólafsfjörður

Siggi Odds ehf
Tunna prentþjónusta ehf

Húsavík

Hólmfríður Eiríksdóttir
Höfðavélar ehf
Tjörneshreppur

Laugar

Norðurrpöll ehf, trésmiðja

Mývatn

Dimmuborgir guesthouse
Hestaleigan Safarí hestar
Hlíð ferðaþjónusta ehf

Kópasker

BR tannlæknar slf

Raufarhöfn

Önundur ehf

Bakkafjörður

K Valberg slf

Egilsstaðir

Gisthúsið Egilsstöðum - Lake Hotel Egilsstaðir
Gunnarsstofnun
HEF veitur ehf
Héraðsprent ehf
Múlaping
Tréiðjan Einir ehf
Ylur hf

Reyðarfjörður

Fjarðabyggð
Fjarðaveitingar ehf

Eskifjörður

Egersund Ísland ehf
Fjarðaprif ehf

Neskaupstaður

Fjarðalagnir ehf
Samvinnufélag útgerðamanna
Verkmenntaskóli Austurlands

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf

Höfn í Hornafirði

Funi ehf, sorphreinsun
Pakkhús - veitingar
Rósaberg ehf
Sveitafélagið Hornafjörður
Ögmund ehf

Selfoss

Árvirkinn ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Cleopatra tiskuverzlun - cleo.is, s: 482 2144
Gróðrarstöðin Storð ehf
Jarðverksþjónustan ehf, s:7780890
K.Þ Verktakar ehf
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Mika Restaurant
Prentverk Selfoss ehf
Rakarastofa Björns og Kjartans, s: 482 2244
Set ehf, röraverksmiðja
Stálkrókur ehf
Súperlagnir ehf
Tannlæknþjónustan.is, s: 482 3333
Tré og Straumur ehf
Ullarverslunin Þingborg ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf

Hveragerði

Ficus ehf
Hótel Örk
Hveragerðisbær
Kjörís ehf
Listasafn Árnesinga
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar ehf



Ölfus

Eldhestar ehf
Gljúfurbústaðir ehf
Gróðrarstöðin Kjarr
Hraunsós ehf
Icelandic Water Holdings hf
Sveitarfélagið Ölfus

Eyrbakkki

Esther Helga Guðmundsdóttir

Flúðir

Riding Tours South Iceland ehf

Hella

Freyðing ehf
Rangárþing ytra
Stracta Hótel
Strókur ehf

Hvolsvöllur

Eyrbúíð ehf
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf
Krappi ehf, byggingaverktakar
Kvenfélagið Hallgerður
Smári S ehf
Torf ehf
Viðskiptaþjónusta Suðurlands
- umboð TM trygginga

Vík

Hótel Búrfell
Mýrdælingur ehf

Kirkjubæjarklaustur

Hótel Klaustur - Bær ehf
Skaftárhreppur

Vestmannaeyjar

Bergur-Huginn ehf
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bókasafn Vestmannaeyja
Bragginn sf, bílaverkstæði
Gröfupjónustan Brinks ehf
Hótel Vestmannaeyjar
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf
Skipalyftan ehf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf



Kælitækni


Sérfræðingar í kælitækni síðan 1962



Hlustaðu allan hringinn!

Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi. Ungmennir sem búa við efnislegan skort fá stuðning svo þau geri stundað nám á framtíðarskólalasti.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófa, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsreittindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólkið fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnisnami nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Vatnsskortur, landrof og eyðimerkurmyndun einkenna landsvæðið sem fjölskyldan býr á í Sómalíykí.

Með brunni eða vatnsbró fyrir regnvatn er aðgengi að heilmænu vatni aukð svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan gefur brynt dýrunum og veitt vatni á ræktarland eykur hún fæðuöryggi sitt og smám saman verður lífsafkoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr einærni stuðnings svo þau fái lífað mannsæmandi líf.

Nýtt múrsteinahús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrhuðað og skordyr verpa ekki í holum í veggjum eins og í moldarkofanum. Af bárgjámspakinu má safna vatni sem dugar langt inn í þurkatismanum í stað þess að það streymi inn í gisinn kofann. Smám saman verður lífsafkoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarríka fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr einærni stuðnings svo þau fái lífað mannsæmandi líf.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kúlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofnin enn frekar og svo er hægt að borða kjötið og nýta skinnið. Smám saman verður lífsafkoman betri.



www.gjofsemgefur.is